

Hverfisráð Hríseyjar

107. fundur

Mánudaginn 10. apríl 2017 kl 10:00 var haldinn 107. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson, Claudia Werdecker og Rósamunda Káradóttir.

Dagskrá:

1. Aðalfundur hverfisráðs

Hverfisráð leggur til að aðalfundur verði haldinn 17. maí kl. 16:00

2. Innsend erindi til umsagnar

Þorgeir Jónsson vék af fundi kl. 10:05.

- a) Umsókn um leyfi til búfjárhalds: Hverfisráð samþykkir umsóknina, svo framarlega að öllum reglum sé fylgt.

Þorgeir Jónsson mætti aftur á fund kl. 10:10.

- b) Leyfi til að reka hestaleigu til prufu: Hverfisráð er hlynnt hugmyndinni en óskar að fá frekari upplýsingar um verkefnið. Óljóst er hvort umsækjandi hafi leyfi fyrir aðstöðuna. Auk þess vantar sérstaka reiðvegi (malarslóðir), því ekki er hægt að nota göngustíga sem reiðstíga. Ekki er vitað hvaða áhrif verkefnið hefur á hvannaskurð og æðarvarp í eyjunni.

3. Umhverfis- og úrgangsmál

Hverfisráð leggur til að það verði framkvæmt allsherjar hreinsunaráttak í eyjunni, en sérstaklega í kringum áhaldahúsið. Hverfisráð bendir á að um áskorun til allra, líka til fyrirtækja, sé að ræða. Óskar hverfisráð eftir því að hreinsunardagur verði 27. maí.

Þorgeir Jónsson óskar auk þess eftir því að það verði tilgreint svæði sem geymslusvæði, t.d. fyrir gamlar dráttarvélar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:45.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.